



HAFNARFJÖRÐUR

Starfshópur, miðbær, deiliskipulag

Fundur 2.

23.apríl 2019 / málsnr. 1903229

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Jón Ingi Hákonarson

Guðmundur Bjarni Harðarson

Kári Eiríksson

Helga Stefánsdóttir

Pormóður Sveinsson

Gunnþóra Guðmundsdóttir

Forföll:

Lovísa Traustadóttir.

Fundarefni:

Farið var yfir helstu atriði síðasta fundar er snertir þéttingarskýrsluna sem kynnt var fyrir starfshópnum á fyrsta fundi.

Rædd voru hvar skipulagsmörk miðbæjar skipulagsins eru og hvort þau megi færa. Myndu slíkar tilfærslun hafa áhrif á deiliskipulagið í heild sinni eða einungis breytt notkun innan ákveðins svæðis? T.d. er horft til þess að Austurgata verði íbúðarsvæði. Stefnumörkun vegna miðbæjarskipulagsins þarf að vera skýr.

Kynntar voru 3 tillögur að uppbyggingu í miðbænum unnar af teiknistofunum Tark, Sei og Trípóli. Þótt tillögurnar bæru með sér svipaðan keim nálgust þær viðfangsefnið á ólíkan máta.

Tillögurnar gera t.d. ráð fyrir mismikilli uppbyggingu innan svæðisins.

Þegar kemur að uppbyggingu á svo viðkvæmu svæði þarf að huga að því að hún sé hófleg þótt vissulega feli uppbygging alltaf í sér breytingar. Við uppbyggingu þurfi að horfa til framtíðar og tenging svæðisins með framtíð hafnarinnar í huga.

Skoða þarf íbúa- og íbúðafjölda á svæðinu. Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi tekur saman þær tölur.

Hvernig verlanir og þjónusta þarf að vera til staðar og/eða gera kleift að hefja starfsemi í miðbæ Hfj. til þess að verlanir og þjónusta styðji við hvort aðra.

Óskað var eftir að tengja Norðurbakkann betur inn á miðbæjarskipulagið og að fundinn verði heildarlausn fyrir svæðið. Nú þegar eru vandamál er varða aðkomu að Norðurbakka 1-3, bæði hvað varðar slökkvi- og sjúkrabíla sem og þjónustubíreiðar/aðföng. Tengja þarf strandstíginn betur við bæinn og tryggja betri göngubraut yfir Fjarðargötuna. Með endurskoðun hringtorgsins við Fjarðarg. / Rvk.veg er hægt að leysa hluta þessara áskoranna.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.13: 43.

Næsti fundur er föstudaginn 3. maí kl.10.

Ritað/GþG